

Kvikmyndasafn Íslands og Hafnarfjarðarbær gera með sér eftirfarandi samkomulag um notkun á Bæjarbíói sbr. 4. gr. samnings Hafnarfjarðarbæjar og Kvikmyndasafns Íslands, dags. 1. desember 2011.

1. gr.

Kvikmyndasafn Íslands miðlar kvikmyndamenningu með sýningum á innlendum og erlendum kvikmyndum í Bæjarbíói, að lágmarki tvisvar í viku að jafnaði. Safnið leitast við að fjölga biósýningum í húsinu svo sem með samvinnu við kvikmyndahátíðir, kvikmyndaklúbba, skólahópa og annarra áhugahópa. Fjölgun á biósýningum er þó háð fjármagni hverju sinni.

2. gr.


Hafnarfjarðarbær hefur aðgang að Bæjarbíói vegna viðburða á vegum bæjarins og ber ábyrgð og kostnað vegna þeirrar starfsemi. Hafnarfjarðarbær greiðir þó ekki leigu fyrir afnot af húsinu. Hafnarfjarðarbær sér um að manna húsið þegar um viðburði á vegum bæjarins er að ræða og um ræstingar á húsinu að þeim loknum. Hafnarfjarðarbær sér einnig um virkt eftirlit með þeim viðburðum sem hann heldur í húsinu, starfsmaður á vegum bæjarins hafi lykil og aðgangskóða að öryggiskerfum.

Notkun á tæknibúnaði biósins er algerlega háð samþykki og eftirliti Kvikmyndasafnsins og er safninu frjálst að rukka leigu fyrir myndvarpa og önnur þau tæki sem eru viðkvæm, dýr og ganga fljótt úr sér. Sýningartjaldið er í eigu Kvikmyndasafnsins og skal sá sem er með viðburð í húsinu tryggja tjaldið gegn skemmdum. Telji forsvarsmenn safnsins að skemmdir hafi orðið á tjaldinu, þegar viðburðir bæjarins voru í húsinu, ber þeim að tilkynna Hafnarfjarðarbæ um skemmdirnar eigi síðar en viku frá viðburði.

3. gr.

Kvikmyndasýningar á vegum Kvikmyndasafns Íslands hafa forgang í húsinu en á öðrum tímum getur Hafnarfjarðarbær óskað eftir að nýta húsið. Nauðsynlegt er að Kvikmyndasafnið fái vitneskju um notkun bæjarins með viku fyrirvara hið minnsta, sé því viðkomið. Hafi Kvikmyndasafnið leigt húsið til annarra aðila á sama tíma og bærinn óskar eftir að fá húsið til afnota þá gengur sá ráðahagur fyrir. Hafnarfjarðarbær getur óskað eftir að nýta húsið sem sér segir:

- Til sérstakra viðburða eins og t.a.m. tónleikaraða á Björtum dögum og í tengslum við Jólþorpið.
- Til annarra viðburða á vegum bæjarins. Hér er átt við opna fundi og málþing með bæjarbúum, spurningakeppnir milli grunnskóla o.fl. á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
- Til sýninga á vegum skólahópa eða hópa frá Íþrótt- og tómsundaráði.
- Til nemendatónleika. Tónlistarskólar í Hafnarfirði og skólakórar hafa misgóða aðstöðu til að halda tónleika í lok skólaárs / námsannar, og gæti Bæjarbíói verið valkostur fyrir slíka tónleika.
- Hafnarfjarðarbær geti einnig nýtt forsal Bæjarbíós svo fremi það raski ekki starfsemi Kvikmyndasafns Íslands. Er hér átt við kynningar ýmiss konar, t.d. á skipulagstillögum. Þegar forsalur er nýttur þarf að tryggja að ekki sé farið inn í aðalsalinn.



4. gr.


Óski tónleikahaldarar eða aðrir viðburðahaldarar eftir að nýta húsið skal Kvikmyndasafn Íslands taka ákvörðun þar um og annast framkvæmd. Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að vel sé tekið í slíkar beiðnir enda auðgi það mannlíf og menningu í miðbæ Hafnarfjarðarbæjar.

5. gr.

Samningur þessi um afnot af Bæjarbíói er fylgiskjal með samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Kvikmyndasafns Íslands, undirritaður 1. desember 2011. Fylgirit þetta skal endurskoðað að einu ári liðnu frá undirritun.


17. febrúar 2012

Fyrir hönd Kvikmyndasafns Íslands



Þórarinn Guðnason, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar



Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar